

Ed.

401. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun útibús frá Landsbanka Íslands í Árnessýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Í ástæðum fyrir frumvarpi þessu er talið, að heimild skotti í lögum til að stofna útibú það, sem frumvarpið fer fram á, að sje stofnað í Árnessýslu, og skírskotað um það til 9. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885.

Nefndin getur ekki fallist á, að þessa heimild skorti, því að ofanefnd lagagrein leggur svo fyrir, að bankinn *skal svo fljótt sem auðið er* setja á stofn aukabanka, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, sbr. lög nr. 28, 22. okt. 1912, og felst í því, að það skuli einnig gert á öðrum stöðum, svo fljótt sem auðið er og þörf krefur.

Að öðru leyti ber nefndin engar bríður á þær ástæður, sem fram eru færðar fyrir nauðsyn á stofnun útibús á þessum stað. En þar sem ætla má, að stjórn bankans, með samþykki stjórnarinnar, sinni þeirri nauðsyn svo fljótt, sem auðið er, og þar sem nefndin samkvæmt ofanrituðu telur fulla lagaheimild fyrir því, þykir henni ekki þörf á, að leyfi til stofnunar þessa útibús og annara, sem enn kunna að verða stofnuð, komi til kasta löggjafarinnar, og leggur því til, að máli þessu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 10. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

H. Hafstein.